



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 786
komudagur 20 / 1 1997

Reykjavík, 20. janúar 1997

Nefndasvið Alþingis
b.t. Guðjóns Rúnarssonar
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins, 100. mál.

Með bréfi dags. 10. desember 1996 sl. óskaði Nefndasvið Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Á fundi sínum í dag tók álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda framangreint málefni til umfjöllunar. Fylgir hér með greinargerð nefndarinnar.

Stjórn félagsins samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,

Félag löggiltra endurskoðenda

Tryggvi Jónsson
formaður

*Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda*

Reykjavík, 20. janúar 1997

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: **Mál nr. 100. Frumvarp til laga um fjárreiður ríkisins.**

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Álitsnefnd fjallaði um erindið fyrir skömmu og fara hér á eftir athugasemdir nefndarinnar en bendir jafnframt á álit sitt frá 9. apríl 1996 um sama efni.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um ríkisreikninginn og þau reikningsyfirlit og skýringar sem skulu vera hluti af honum. Í d. lið 3. t. b. liðs 1. mgr. er notað heitið höfuðstóll. Álitsnefnd telur óheppilegt að nota heitið höfuðstóll þar sem hér er eingöngu um að ræða peningalegar eignir að viðbættum eignarhlutum í félögum að frádregnum heildarskuldum og skuldbindingum. Það er því ekki svo að þessi stærð endurspegli heildareignir ríkissjóðs, að frádregnum skuldum og skuldbindingum, sem væri hin venjulega merking orðsins. Við leggjum til að í stað þessa verði talað um "jöfnuð á ríkisreikningi".

Í 15. gr. er fjallað um eignaskrá sem skuli gera um varanlega rekstrarfjármuni ríkisins. Slík eignaskrá er að okkar mati mjög mikilvæg og ber því að vanda til við útfærslu á henni. Eignum ríkissjóðs má skipta í tvennt, þ.e. annars vegar eignir sem geta haft markaðsgildi og eiga sér samsvörun hjá fyrirtækjum, svo sem fasteignir og rekstrarfjármunir. Hins vegar er um að ræða eignir sem eru sértækar fyrir rekstur ríkissjóðs, svo sem hafnir og vegir. Þeir varanlegu rekstrarfjármunir sem eru taldir geta haft markaðsgildi eiga að okkar mati að vera settir fram í eignaskránni á kaupverði, eða framreiknuðu kaupverði að teknu tilliti til eðlilegra, árlegra afskrifta.

40. gr. fjallar um mánaðar- og árshlutauppgjör A-hluta. Þar er gert ráð fyrir að fjármálaráðherra sé skylt að gefa yfirlit um fjárhagsskuldbindingar og kröfur ríkissjóðs sem áfallnar eru. Í greinargerð er fjallað um tímamörk í þessu sambandi og þar kemur fram að miðað sé við að slíkt uppgjör fari fram á miðju ári og eigi síðar en í lok ágúst. Við teljum að þessi tímamörk eigi að koma skýrt fram í frumvarpinu sjálfu þannig að þetta yfirlit eða árshlutauppgjör sem hér er í raun um að ræða verði ávallt miðað við sama tíma, til dæmis 30. júní ár hvert til þess að allur samanburður verði markvissari. Einnig teljum við vanta, hverjum fjármálaráðherra geri grein fyrir skuldbindingum ríkissjóðs og horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum. Að okkar mati er eðlilegt að ráðherra geri Alþingi grein fyrir þessu og að það komi skýrt fram í greininni.

Í 47. gr. er fjallað um skipun manna í ríkisreikningsnefnd sem skal vera fjármálaráðherra til ráðuneytis um framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings o.fl. Gert er ráð fyrir að tveir menn séu skipaðir í nefndina eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar. Vert er í þessu

sambandi að benda á 80. gr. laga um ársreikninga, sem fjallar um Reikningsskilaráð. Þar segir m.a. að ráðið geti verið stjórnvöldum til ráðuneytis um ákvæði sem sett eru í lögum eða reglugerðum um reikningsskil. Að mati álitsnefndar er eðlilegt að Reikningsskilaráð tilnefni menn í ríkisreikningsnefnd og fellur það vel að hlutverki ráðsins eins og það er skilgreint í lögum um ársreikninga. Við leggjum því til að 3. ml. 48. gr. hljóði svo: *“Hina skipar fjármálaráðherra eftir tilnefningu Reikningsskilaráðs.”*

Í þessu frumvarpi kemur fram mjög mikilvæg breyting á fjárlagagerðinni, þ.e. að fjárlög verði sett fram á rekstrargrunni, en ekki á greiðslugrunni eins og verið hefur. Núverandi framkvæmd hefur leitt til þess að allur samanburður hefur verið mjög ómarkviss. Í 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að sjóðstreymi sé hluti af ríkisreikningi eins og eðlilegt hlýtur að teljast. Í 21. gr er lagt fyrir að fjárlagafrumvarpið verði á rekstrargrunni, en einnig skal gerð grein fyrir áætludum sjóðshreyfingum. Dæmi um þetta er sýnt í viðauka með frumvarpinu. Þar er rekstraryfirlit ríkissjóðs sýnt annars vegar á reikningsgrunni og til samanburðar eru sýndar sjóðshreyfingar. Ekki virðist gert ráð fyrir að sýnd verði niðurstaða sjóðshreyfinga, þ.e. handbært fé frá rekstri, en við teljum eðlilegt að sýna það, enda fæst þá afstemming við sjóðstreymið sem sýnt er dæmi um á næstu blaðsíðu á eftir í viðaukanum. Textinn í neðstu línu rekstraryfirlitsins yrði þá *“Tekjujöfnuður/handbært fé frá rekstri”*.

Virðingarfyllt,

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

